

STARFSREGLUR

fyrir samvinnunefnd um svæðisskipulag Austur-Húnnavatnssýslu.

1. gr.

Samvinnunefnd um svæðisskipulag Austur-Húnnavatnssýslu er skipuð tveimur fulltrúum frá Blönduóssbæ, tveimur fulltrúum frá Húnnavatnshreppi, tveimur fulltrúum frá Skagabyggð, tveimur fulltrúum frá sveitarféluginu Skagaströnd og einum fulltrúa frá Skipulagsstofnun með fullum réttindum annarra nefndarmanna öðrum en atkvæðisrétti.

2. gr.

Hlutverk samvinnunefndar er að endurskoða gildandi svæðisskipulag Austur-Húnnavatnssýslu 2004-2016 og leggja fram tillögu þar um, sbr. 12., 13. og 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

3. gr.

Fundur er lögmætur ef formaður og helmingur annarra nefndarmanna er viðstaddir. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þó getur nefndin ekki ályctað um mál eins sveitarfélags að fulltrúum þess fjarstöddum. Senda skal fundargerðir til nefndarmanna, Skipulagsstofnunar og oddvita sveitarfélaganna.

4. gr.

Pegar samvinnunefnd hefur samþykkt tillögu að skipulagi svæðisins skal hún auglýst í Lögbirtingablaði og með áberandi hætti í viðkomandi sveitarfélögum og höfð þar til sýnis ásamt fylgiskjölum í a.m.k. fjórar vikur. Einnig skal tillagan auglýst utan sveitarfélaganna. Áður en tillagan er samþykkt í samvinnunefnd fyrir auglýsingu skal hún kynnt á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Að loknum athugasemda fresti sem eigi má vera skemmri en sex vikur tekur nefndin afstöðu til athugasemda og afgreiðir tillöguna innan sex vikna til sveitarstjórna. Að loknum sex vikna umþóttunartíma sveitarstjórna skal samvinnunefnd afgreiða samþykktta tillögu til Skipulagsstofnunar sem gerir tillögu til umhverfisráðherra um lokaafgreiðslu.

5. gr.

Kostnaður sem til fellur vegna vinnu við endurskoðun svæðisskipulags Austur-Húnnavatnssýslu 2004-2016 skal skiptast þannig: Skipulagsstofnun 50% og Byggðasamlag um menningar- og atvinnu-mál 50%.

6. gr.

Stefnt skal að því að samvinnunefndin ljúki störfum fyrir 1. desember árið 2010. Að rökstuddri beiðni nefndarinnar getur umhverfisráðherra framlengt starfstíma hennar.

7. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 12. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 3. júlí 2009.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.